

Dags. fundar: 28. mars 2012	Tími: 17.15	Nr. fundar: 20
Fundarboðari: Svanhvít Jóhannesdóttir.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. ÍM50 – undirbúningur og mönnun.
2. Mót framundan.
3. Reglur í bringusundi – túlkun á nýrri reglugerð.
4. Fatnaður dómara á sundmótum.
5. Önnur mál.
 - a. Könnun á dómaranámskeiðum.
 - b. Sérreglur fyrir 12 ára og yngri keppendur.

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir og Steinunn R.Einarsdóttir.

Dagskrá:

1. Búið er að senda skipulag mótsins, sem haldið verður í Laugardalslaug 12.-15. apríl n.k., til félaganna og verður fljótlega send út beiðni um starfsmenn. Mótstjórar eru komnir og verið að klára mönnun á yfirdómurum en þeir þurfa að vera með alþjóðleg dómara réttindi þar sem mótið er lágmarkamót t.d. á Olympíuleikana í London. Tækni fundur verður miðvikudaginn 11. apríl og þann dag verða einnig settar upp auglýsingar, flögg o.fl. sem tilheyra mótinu.
2. Mönnun á Íslandsmeistaramót fatlaðra er í gangi en það fer fram 31. mars og 1. apríl í Laugardalslaug. Garpamót SSÍ (IMOC) verður í Vestmannaeyjum 4.-5. maí n.k og Landsbankamót ÍRB sem haldið verður 11.-13. maí í Reykjanesbæ er síðasta mót til að sundmenn geti náð lágmarkum á EMU. Ólafur Baldursson og Björn Valdimarsson munu fara til ÍRB og fara yfir sundreglurnar vegna fatlaðara sundmanna þegar nær dregur því móti.
3. FINA gaf út 14. mars sl.,viðbót við SW7 Breaststroke (Bringusund). Búið er að þýða viðbótina og verður hún send til dómara á næstunni.
4. Ekki hafa verið settar reglur varðandi fatnað dómara á sundmótum en mælt er til að allir dómara klæðist alveg hvítu, einnig skóm. Mjög gott er að þegar sendar eru út beiðnir um dómgæslu á mótum að tekið sé fram hvernig fatnað er óskað eftir. Hvorki er æskilegt að sjá dómara í gallabuxum eða berfætta á bakkanum. Erlendis eru sunddómara ætíð í hvítum síðbuxum og hvítum skóm, efri hlutinn mismunandi milli móta en ekki er þeim alltaf útvegað sá fatnaður sem þeim ber að nota.

5. a. Búið er að yfirfara kennslugögn sem notuð eru til kennslu á dómaramámskeiðum. Gera þarf betur þar og bæta við könnun sem dómaramenar tækju í lok námskeiðsins.

b. Umræður voru um hvort gera ætti sérreglur fyrir 12 ára og yngri keppendur. Nefndin var sammála um að sérstaklega á SSÍ mótum ætti þessi aldursflokkur ekki að njóta neinna sérreglna þar sem kunnátta þeirra á að vera orðin það mikil að þau þekkja reglurnar. En nefndin myndi mæla með að félögin gerðu meira af því að halda innanfélagsmót eða C-mót þar sem reglurnar hæfa getu yngri og óvanari sundmanna og eru það tilmæli til þjálfara að senda iðkendur á mót sem hæfa þeirra getu og kunnáttu.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir:</i>
Gátlisti yfir undirbúning laugar fyrir ÍM50	ÓB	Sem fyrst
Beiðni um starfsmenn og skráning þeirra.	GP	Byrjar fljótlega.
Samantekt á sundreglum FINA SW7 til útsendinga	IELS	Sem fyrst.

Fundi slitið kl: 18.35

Næsti fundur: miðvikudaginn 25. apríl 2012 kl. 17.15.